

GJALDSKRÁ

Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

1. gr.

Verkefni Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) ákvarðast annars vegar af lögum um brunavarnir nr. 75/2000 með síðari breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og hins vegar af ákvæðum í stofnsamningi.

2. gr.

Af gjaldskyldum verkefnum skal SHS taka gjald í samræmi við þann kostnað sem stofnunin verður fyrir vegna þeirra. Gjald skal ákvarðað á grundvelli vinnuframlags starfsmanna. Fast tímagjald fyrir klukkustund útseldrar vinnu hvers starfsmanns er 8.102 krónur.

3. gr.

Af umsögnum til annarra opinberra stofnana vegna leyfisskyldrar starfsemi skal tekið fast gjald vegna þriggja klukkustunda vinnu ef skoða þarf viðkomandi stað, en einnar klukkustundar ef umsögn er afgreidd án skoðunar á staðnum.

4. gr.

Heimilt er slökkviliðsstjóra að fella niður gjald vegna starfsemi ef verkefni telst þjóna almannahagsmunum og/eða fellur að markmiðum sem SHS eru sett í stofnsamningi. Falli ráðgjafarvinna undir ákvæði stjórnarsýslulaga um upplýsinga- og leiðbeiningaskyldu skal sú vinna undanþegin gjaldi.

5. gr.

SHS annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari eða innheimtufyrirtæki sem verkefnið er falið samkvæmt samningi þar að lútandi.

Um innheimtu gjalda skal fara eftir viðteknum venjum í innheimtu opinberra stofnana. Vangreidd gjöld samkvæmt gjaldskránni skulu, þegar vægari innheimtuaðgerðir hafa ekki borið árangur, sótt fyrir dómstólum og í kjölfarið skal gera fjárnám fyrir öllum skuldum skv. ofangreindu. Gjöldum sem til eru komin vegna eftirlits með því að farið hefur verið að kröfum um úrbætur á eldvörnum fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð, samanber 2. og 3. mgr. 29. gr. laga um brunavarnir.

6. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt gjaldskránni er útgáfudagur reiknings og eindagi er 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

7. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til samfélags- og forvarna-verkefna á vegum SHS.

8. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af aðildarsveitarfélögum SHS, með heimild í sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 með síðari breytingum. Gjaldskráin er einnig samþykkt af stjórn SHS og öðlast gildi við birtingu. Gjaldskráin skal uppfærð í síðasta lagi í desember ár

Nr. 417

18. apríl 2008

hvert og taka breytingarnar gildi 1. janúar þar á eftir og miðast við fjárhagsáætlun SHS hverju sinni.

F.h. stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, 18. apríl 2008,

Ólafur F. Magnússon formaður.

B-deild – Útgáfud.: 6. maí 2008